

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

18. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILIÐ 2018-2022

Árið 2019, föstudaginn 18. október kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1.

Mætt voru Örn Elías Guðmundsson, Elín Gylfadóttir, Elsa G. Borgarsdóttir, Karl Guðmundur Kjartansson og Samúel Kristjánsson.

Bragi Þ Thoroddsen, sveitarstjóri, ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 8:30.

Samúel Kristjánsson bauð viðstadda velkomna, setti fundinn og athugaði með lögmæti fundarins.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Fundargerð 7. fundar fræðslu-, menningar-, tómstunda- og kynningarnefndar 25.9.2019. Fundargerð samþykkt samhljóða.
2. Umræður um þingsályktunartillögu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Súðavíkurhreppur áréttar að sveitarstjórn leggst alfarið gegn lögþvingaðri sameiningu og þeirri aðferðafræði sem boðuð er til að knýja á um sameiningu minni sveitarfélaga. Súðavíkurhreppur lýsir því hins vegar yfir að sveitarfélagið er tilbúið til viðræðna við öll þau sveitarfélög sem hyggja á sameiningu, með vísan til íbúamarks í þingsályktun um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga á yfirstandandi þingi.
3. Vegagerð. Frestað til næsta fundar sveitarstjórnar.
4. Húsnæðismál – staða. Sveitarstjórn ákveður að setja íbúð á Hlíf II á sölu. Einnig er ákveðið að ráðast í byggingu þriggja íbúða að undangengnu útboði. Sveitarstjóra falið að fylgja málinu eftir.
5. Skýrsla sveitarstjóra – Melrakkasetur, sorpmál o.fl. Lesin upp og kynnt. Sveitarstjóra falið að fylgja eftir að leysa aðgengismál sorpsvæðis og finna úrlausn á hönnun/endurskipulagningu svæðisins.
6. Trúnaðarmál – lokuð umræða.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 12:40

Elín Gylfadóttir

Karl Guðmundur Kjartansson

Elsa G. Borgarsdóttir

Örn Elías Guðmundsson

**Samúel Kristjánsson
oddviti**

